

Maðurinn í forgrunni



Valgarður Gunnarsson: Tónlistarunnandinn (1982). Olía á striga 132,5x122,5 sm. Eig.: Þröstur Grétarsson.



Bragi Ásgeirsson: Samkvæmisstígurinn (1977). Blönduð tækni 110x90 sm. Eign listamannsins.



Tryggvi Ólafsson: Útifundur (1968). Olía á masonit 121x1966 sm. Eig.: Kristján Jónsson.

Á ætlunin að sýna hvernig maðurinn birtist aftur í íslenskri myndlist á árunum 1965—1985. Það er kunnara en frá þurfi að segja að fyrstu tvo áratugina eftir seinni heimsstyrjöld var abstraktlistin ríkjandi í íslenskri myndlist líkt og annars staðar í hinum vestræna listheimi. Sannleikurinn fólst í geometrískum formbyggingum eða sjálfsprottinni tjáningu. Á 7. áratugnum komu svo fram listamenn sem settu spurningarmerki við listrænt gildi og hlutverk abstraktlistarinnar. Þessir listamenn skiptust í tvær fylkingar. Annars vegar voru það þeir sem höfnuðu hefðbundnum efnum og aðferðum og vildu útvíkka listhugtakið. Á Íslandi stendur SÚM einkum fyrir þess konar hugmyndir. Hins vegar voru það listamenn sem byggðu á klassískum grunni hvað varðar teikningu, efni og aðgerðir og álitu að abstraktlistin væri komin í blindgötu. Hún nægði ekki lengur til að svala sköpunarþörf framsæknina listamanna og nauðsynlegt væri að fá tilvísanir í hlutveruleikann aftur inn í málverkið.

En maðurinn birtist á margvíslegan hátt í málverki íslenskra listamanna síðastliðna tvo áratugi. Ótal liststefnur hafa legið samhliða og listamenn hafa sýnt og túlkað fígúruna út frá ólíkum hugmyndalegum forsendum.

Í grófum dráttum getum við greint tvo andstæða póla í hinu fígúratífa málverki undanfarna áratugi.

Annars vegar er um að ræða ný-expressionisma þar sem listamenn hafa lagt sig fram við að höndla sannleikann handan við yfirborð hlutanna og tjá hið upprunalega og náttúrulega í manninum sem þeir telja menninguna hafa falið. Þessi expressionismi byggir á gömlum grunni en hefur þó greinilega fengið að láni ýmsar hugmyndir frá súrrealistunum og formleysismálverkinu. Hið sálfræðilega inntak er oft afgerandi í þessari myndgerð.

Hins vegar er það Popplistin. Popplistamenn höfnuðu hugmyndum um beina tjáningu og fullyrtu að búið væri að skapa allt. Hlutverk listamannsins væri ekki lengur að skapa form, heldur að velja, setja saman og endurskapa úr áður þekktum myndum. Talað var um *fræðilegan dauða höfundarins.*



Jóhannes Kjarval: Ofar skýjum. Olía á striga 125x190 sm. Eig.: Kjarvalsstaðir.

Einar Hákonarson (f. 1945) var fyrstur til að opinbera hina nýexpressionísku sýn á fígúruna á sýningu sem hann hélt í Bogasal Þjóðminjasafnsins árið 1967. Verk hans á þessum tíma voru samsett úr tveimur megin þáttum: geometrískum og lífrænum formum. Myndirnar eru byggðar upp með sterkum og skýrt afmörkuðum formum en þungamiðjan er oftast kröftugur expressionismi sem sýnir óskilgreindar, fjötraðar persónur í umhverfi sem er oft vélrænt og ómanneskjulegt. Þessi verk Einars höfðu greinilegt félagslegt og gagnrýnið inntak. Síðar fjarlægðist Einar hina samfélagslegu umfjöllun í verkum sínum og einbeitti sér að myndbyggingarlegum þáttum myndmálsins og gerði ýmsar tilraunir með fjölþætt rými og ólíka tíma í verkum sínum. Á síðastliðnum árum hefur tjáningin svo fengið yfirhöndina. Hann hefur losað um myndbygginguna auk þess sem litaáferðin er orðin kröftugri. Augljóst er að Nýja málverkið hefur haft óbein áhrif á verk hans. Það hefur opnað fyrir honum áður óþekkta möguleika en greinileg eru nú fjarlæg tengsl hans við þýska expressionista frá því í byrjun aldarinnar.

Um það leyti sem Einar kom fram með þessa nýju sýn á manninn voru margir eldri listamenn farnir að linast í trúnni á abstraktlistina og er óhætt að fullyrða að sýning hans hefur haft hvetjandi áhrif í þá veru að þeir, sem voru tvístígandi í listinni, létu nú til skarar skríða og opinberuðu myndir þar sem maðurinn er í forgrunni. Eiríkur Smith (f. 1925) var einna fyrstur abstraktmálaranna að slíta sig frá hinu óhlutlæga myndmáli. Þessi breyting gerðist raunar hægt hjá Eiríki sem þreifaði fyrir sér, sá sýningar yngri listamanna og fylgdist grannt með því sem var að gerast erlendis, einkum í Bretlandi. Eiríkur Smith hefur nú málað fígúratífar myndir í hartnær 20 ár eða öllu lengur en hann málaði óhlutlægt. Margt hefur gerst í málverki listamannsins á þessum tíma en vafalítið er hann þekktastur fyrir þau málverk sem tengjast ameríska ný-raunsæinu. Þar kemur vel fram fagleg kunnátta listamannsins. En það sem skiptir meginmáli í listsköpun Eiríks er frásögnin, bein eða táknræn, þar sem listamaðurinn leitast við að seiða fram dulrænt ástand og færa áhorfandann inn í heim sem býr hand-

Eftir GUNNAR KVARAN